

Sp.

216. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn innlendra fódurefna.

Flm.: Jón Auðunn Jónsson, Jón Pálmason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka fódurgildi innlendra fódurefna, með það fyrir augum að spara eftir föngum kaup á erlendum fódurbæti.

Á s t æ ð u r .

Það er upplýst, að til landsins er flutt erlent fódur og fódurbætir fyrir um hálf milljón króna á ári, og fara þessi kaup vaxandi. Það er skoðun margra, að þessi kaup mætti að skaðlausu spara að miklum mun, ef fullkomin rannsókn á næringargildi innlendra fódurefna væri fyrir hendi og á hvern hátt hagkvæmast væri að nota þau til fódurblöndunar.

Með tillögu þessari, ef samþykkt verður, fær stjórnin nauðsynlega heimild til fjárgreiðslu í þessu skyni.